

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi Guðmundur Br. Guðmundsson á að vera sýkn fyrir kröfur stefnda í máli þessu. Hið stefnda dánarbúi greiði áfryjanda í málskostnað 40 kr. og lúkist upphæð þessi innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 20. nóvembermánaðar.

Nr. 10/1905:

Hofskirkja í Vopnafirði
 gegn
 dánarbúi prófasts Jóns Jónssonar
 á Hofi.

D ó m u r:

Við skifti á dánar- og þrotabúi prófasts Jóns Jónssonar, prests að Hofi í Vopnafirði, kom fram krafa í búið frá Hofskirkju, að upphæð 6759 kr. 37 a. Krafa þessi taldist forgangsskuld í búinu, og við úthlutunina, er fram fór í skiftarétti Norðurmúlasýslu 17. nóv. 1903, var lagt út til greiðslu hennar:

- | | |
|---|-------------|
| 1. af inneign hjá Ørum og Wulffs verzlun í Vopnafirði | kr. 4974,93 |
| 2. af inneign hjá síra S. P. Sivertsen á Hofi | — 769,00 |
| 3. af inneign hjá Jörgen Hansen Vopnafirði | — 411,06 |
| 4. inneign hjá pöntunarfélagi Vopnafirðinga | — 604,38 |
| | <hr/> |
| Samtals | kr. 6759,37 |

Fjárhaldsmenn kirkjunnar virðast hafa gert sig ánægða með 3 fyrstu skuldastaðina, en hafa eigi viljað taka 4. skuldastaðinn, hjá pöntunarfélagi Vopnfirðinga, gildan. Telja þeir litla von um að fé það fáist, og segja sér ókunnugt, að nefnt félag sé starfandi félag í Vopnafirði. Þeir hafa því fyrir kirkjunnar hönd að fengnu uppreistarleyfi og með gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni áfryjað greindum skiftum, er lokið var 17. nóv. 1903, til yfirdómsins með stefnu, dags. 21 febr. þ. á. og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu, að skiftunum og úthlutunargerðinni verði hrundið og breytt þannig, að krafa áfryjanda í þrotabúinu, að uppkr. 6759,37, verði öll tekin til greina sem forgangsskuld og hún útborguð úr búinu — án þess að áfryjanda verði lögð út til greiðslu hennar eða nokkurs hluta hennar inneign búsins hjá pöntunarfélagi Vopnfirðinga — ásamt 5% vöxtum þ. á. frá skiftadegi til borgunardags af þeim hluta kröfunnar, 604 kr. 38 a., sem áfryjanda við skiftin var vísað á að taka hjá pöntunarfélaginu; svo hefir áfryjandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum nægilegan málskostnað fyrir yfirdómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til hins skipaða sækjanda. Af hálfu hins stefnda dánarbús hefir þess verið krafist hinsvegar, að hin áfryjuðu skifti verði staðfest og að skiftaráðandanum í Norðurmúlasýslu, sem mætt hefir í málinu fyrir búsins hönd, verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfryjanda.

Eins og á er vikið vill áfryjandi eigi taka sem gilda greiðslu upp í skuld sína ávísan á pöntunarfélag Vopnfirðinga fyrir 604 kr. 38 a.; telur hann ávísan

Þessa lítils virði og hæpið, að féð nokkru sinni fáist hjá félaginu. Það verður og eigi heldur álitíð eftir skjölum málsins að hann hafi samþykkt þessa úthlutun; á skiftafundi 28. maí 1903 virðist úthlutunin eigi hafa komið til umræðu, enda mætti enginn þar fyrir áfrýjanda, þó að skiftafundurinn væri löglega auglýstur. Á skiftafundi 17. nóvbr. s. á., þegar úthlutunin var gerð, mætti enginn fyrir áfrýjanda, og það verður eigi séð að honum hafi verið gefinn kostur á að láta mæta þar. Áfrýjandi vill nú líta svo á, að úthlutunin komi að þessu leyti í bága við 28. gr. skiftalaga 12. apríl 1878 með því að skuldakrafa búsins hjá pöntunarfélaginu hafi verið óvís eða ótrygg, og fyrir því hefði átt að selja hana á uppboðsþingi. Á þessa skoðun áfrýjanda verður yfirdómurinn yfirleitt að fallast. Þó að krafa sú, er hér um ræðir, sé til orðin á þann hátt, að pöntunarfélag Vopnfríðinga var af skiftaráðanda falin innheimta fyrir búið — en reyndar án þess að fyrir-mælum 30. og 31. gr. skiftalaganna hafi verið fylgt um það innheimtuumboð — þá bar samt skiftaráðanda — úr því að hann lét ekki pöntunarfélagið sem annan innheimtumann greiða féð inn til sín »jafnskjótt sem það heimtist« (sbr. 31. gr. skiftal.) — að fara með með kröfuna samkvæmt 28. gr. skiftal. eins og kröfu »þess eðlis, að hún varð eigi lögð út skuldheimtumönn-um með fullri upphæð» án samþykkis þeirra. Þetta samþykki hafa umráðamenn kirkjunnar eigi veitt, eins og fyr er sagt, og var það því eigi lögum samkvæmt er kirkjunni voru úthlutaðar hinar umræddu 604 kr. 38 a. með ávísun á kröfu búsins á hendur pöntunar-

félaginu. Á því áfrýjandi, sem eigi hefir getað fengið ávísunina greidda sér, heimting á að úthlutunargerðin verði feld úr gildi, að því leyti sem honum hefir úthlutuð verið nefnd óvísa upphæð, kr. 604,38, og að ný skiftalok verði gerð, er bygð sé á hinu sanna verði skuldakröfu þessarar eða því er skiftaráðanda tekst að ná inn af henni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma hið stefnda dánar-bú til að greiða Hofskirkju áfrýjunarkostnað málsins, eins og það hefði eigi verið flutt með gjafsókn, þar á meðal málfutningslaun til hins skipaða málfærslumanns kirkjunnar, 20 kr. Það vottast, að málsfærslan af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða úthlutunargerð á að vera ógild og ber skiftaráðandanum að gera nýja úthlutunargerð og byggja hana á hinu sanna verði fyrgreindrar innieignar búans hjá pöntunartélagi Vopnfirðinga 604 kr. 38 a. Hið stefnda dánarbú greiði Hofskirkju áfrýjunarkostnað máls þessa, eins og það væri eigi flutt með gjafsókn, þar með talin málfutningslaun hins skipaða málfærslumanns kirkjunnar, málaflutningsmanns Guðm. Eggerz 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum